

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Frístundamiðstöðin Ársel

Starfsáætlun 2014-2015



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Yfirlit yfir starfsstaði Ársels	4
Hlutverk/leiðarljós/gildi Ársels	5
Stutt greinargerð forstöðumanns um starfið	5
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun.....	6
Lykiltölur Ársels	6
Stefnukort Ársels 2014.....	8
STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR 2014-2015	9
<i>BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN</i>	9
<i>VERKLAG</i>	12
<i>MANNAUÐUR</i>	14
<i>AUÐLINDIR</i>	15

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir leiðarljósum sviðsins sem eru: Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Starfsstöðvar sem undir Ársel heyra eru frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti. Frístundaheimilin eru: Fjósið og Stjörnuland í Grafarholti og Töfrasel og Víðisel í Árbæ. Félagsmiðstöðvarnar eru: Fókus í Grafarholti, Holtið í Norðlingaholti og Tían í Árbæ. Auk þess er frístundamiðstöðin í samstarfi við aðrar stofnanir, félög og samtök í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti um ýmsar hátíðir, viðburði og verkefni í hverfunum.


Starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar Ársels 2014-2015 er unnin út frá stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2014. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglunga í hverfinu. Frístundamiðstöðvarnar vinna starfsáætlanir sem gilda fyrir skólaárið, en ekki almanaksárið eins og áður, í samræmi við aðra starfsstaði skóla- og frístundasviðs. Þannig tekur starfsáætlunin gildi 1. september 2014 og gildir til 31. ágúst 2015.

Tekið skal fram að hver starfsstöð á vegum Ársel gerir sérstaka verkefnaáætlun sem byggir á markmiðum sem frístundamiðstöðin hefur sett sér í þessari áætlun. Einnig verður að nefna að skjal þetta er í sífelldri endurskoðun og á eftir að bæta við markmiðum og leiðum þegar líður á veturinn. Sérstaklega verður að minnast á þau þróunarverkefni sem sótt er um í sjóði sviðsins og einnig þau verkefni sem gætu bæst við vegna Evrópusamstarf oþh

Í öllu starfi Ársels er lögð áhersla á að börnum og unglungum standi til boða frístundastarf sem hefur afþreyingar- forvarnar- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Lögð er áhersla á að efla þætti eins og þátttöku og félagsfærni með skipulögðum hætti. Reynslunám ásamt lýðræðislegri vinnuaðferða eru mikilvægustu starfsaðferðir hvort sem um ræðir börn, unglunga eða annað starf. Á síðastliðnu starfári hefur verið lögð áhersla á á útvist og hreyfingu.

Lögð verður áfram áhersla á útvist og hreyfingu auk sjálfbærni sem og að styrkja aðra grunnþætti starfsins. Lögð verður áhersla á að auka samstarf og samþættingu stofnanna og samstarfsaðili innan hverfis við háskólasamfélagið. Auk þess hefur nú verið bætt við að vinna sérstaklega með lýðræði og lýðheilsu sem getur passað vel það sem fyrir er. Sérstaklega verður reynt að brydda upp á nýjungum í vinnum með lýðræði í vinnu með börnum, unglungum og íbúum hverfanna. Starfsstöðvar Ársels munu vinna að með lýðræði í víðari skilningi en bara kosninga- og þáttökulýðræði, tekið verður saman hvaða leiðir virka og hvað hefur áhrif til þátttöku og vikni.

Yfirlit yfir starfsstaði Ársels



Hlutverk/leiðarljós/gildi Ársels

Hlutverk:

Öllum er ljóst hve mikilvægt að börnum og unglingum standi til boða innihaldsríkt frístundastarf. Hlutverk Ársels er að í gegnum starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva Ársels sé unnið markvisst að því að svo sé. Reynt er að auk félagsfærni og lýðræðislega virkni hvers og eins að forvarnarstarf sé samofið öllu starfi með börn og unglingum. Frístundamiðstöðin hefur það að hlutverki að bjóða íbúum hverfanna (Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt) upp á frístundastarf og kynna þá möguleika sem í boði eru bæði viðburði og aðstöðu í samstarfi við aðra aðila í hverfunum.

Leiðarljós:

Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Að vera leiðandi forystuafli á sviði frístunda.

Gildi:

Starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar hafa sameinastu um að gildi Ársels eru:

Samvinna – Gleði – fjölbreytileiki.

Einkunnarorðin: Ársel – **faglegar frístundir.**

Allir stjórnendur hafa sameinast í því að gildin og einkunnarorðin skulu notuð í hvívetna og starfsmenn skulu fá kynningu á þeim í byrjun haustannar. Einnig er ætlunin að unnið sé með hvorutveggja í starfinu.

Stutt greinargerð forstöðumanns um starfið

Þar sem frístundamiðstöðin Ársel starfar í nýjustu hverfum borgarinnar hefur það haft mikil áhrif á stöðu hennar. Uppbygging hverfanna, þe Norðlingholt, Grafarholt og Úlfarsárfell, hefur mótað hvernig Ársel hefur byggt upp þjónustuna. Stækkun þessara hverfa hefur haft mikil áhrif á uppbyggingu þjónustunnar og eru hverfin enn í mikilli stækkun. Stóra verkefnið er að aðlagast fjölgun íbúa og mun það vera áfram stór þáttur í vinnu Ársels. Frístundamiðstöðin á að vera mótandi, bregðast við þörf en einnig að styðja við þá aðila sem eru að þjónustu börn, unglinga og fjölskyldur í hverfunum. Árbæjarhverfi hefur haft þá sérstöðu að vera rótgróið hverfi, öfugt við hin, en nú er orðin mikil endurnýjun íbúa sem þýðir aukinn barnafjöldi og kallar það á aukna þjónustu.

Síðastliðin tvö ár hefur farið mest fyrir útivist, hreyfing og sjálfbærni á öllum stigum starfsins. Hí hefur verið samstarfsaðili og mun verða áframhald á því starfi. Auk rannsókna á það starf að hvetja stjórnendur til þróunar í starfi. Ársel setur metnað sinn í að nýta umhverfið og að bera virðingu fyrir náttúrinni auk þess sem starfsstöðvar munu reyna að auka samstarf við aðrar starfsstöðvar um grenndarskóga og útivistarsvæði sem og að auka samstarf um þekkingu sem verður til á nýjum verkefnum. Stjórnendur Ársels munu á næstu misserum auka vinnu með lýðræði og lýðheilsu í samstarfi við starfsmenn, börn, unglinga og foreldra. Einnig verður sú vinna sem unnin hefur verið með í „útivist og hreifingu“ þróuð og útvíkkuð með lýðheilsuþætti í huga. Passar það vel inn í þá vinnu sem búið er að vinna á vegum frístundamiðstöðvarinnar en auka þarf samstarf og samráð við þjónustumiðstöð hverfanna og aðra aðila til að ná betur utan um að lýðheilsuþætti sé náð. Hvað varðar lýðræði þá er nú þegar mikil vinna unnin með börnum og unglingum sem unnin á vegum frístundamiðstöðva

en ætlunin er að nálgast lýðræði með nýjum og opnari hætti en áður. Fyrir starfsmenn verður það bæði fróðlegt og hvetjandi að gera tilraunir til að gera íbúa hverfanna virkari og meðvitaðri í lífi og starfi.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun

Matsáætlun (fyrir tímabilið 2014-2015)

Ársel mun gera eftirfarandi kannanir á tímabilinu 2014-2015 til að meta framgang starfsins:

- Innra og ytra mat.
 - Verið er að gera tilraunir og þróa matskerfi sem tekur á öllum þáttum starfssins. Byrjað verður á einni starfsstöð en ætlast er til þess að kerfið nái yfir alla starfsemina innan árs.
- Foreldrakönnun lögð fyrir miðlægt í samstarfi við SFS.
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar.
- Viðhorfskönnun starfsmanna lögð fyrir miðlægt á vegum SFS.
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar.
- Meta hvort kynjahlutföll í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum Ársels.
 - Gera athugun á fjölda í september, janúar og maí.
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar.
- Meta þátttöku og virkni barna og unglinga í frítímastarfi tengt náttúru og útivist.
 - Starfsmenn fylla út þar til gert skjal í hvert skipti sem þeir vinna út í náttúrunni með börn og unglinga. Uppgjör í loka annar þar sem fram kemur fjöldi, innihald og kynjaskipting.
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar.


Við mat á markmiðum skal tekið mið af öllum þáttum starfsins og ofangreindir mælitæki notuð til að skoða hvort sett markmið hér að neðan hafi áhrif á starfsemina.

Lykiltölur Ársels

	Raun 2012	Raun 2013	Raun 2014	Áætlun 2015
Starfsmannamál				
Fjöldi starfsmanna (meðaltal)	76	73	75	78
Fjöldi stöðugilda (1.okt)			39,3	42
- Karlar	28	23	27	30
- Konur	48	50	48	48
Frístundaheimili 6-9 ára				
Fjöldi barna á frístundaheimilum, haust (1. okt.)	271	347	437	485
Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (samþykkt)	15	15	20	24
Fjöldi skráninga í sumarstarf f. 6-9 ára	518	418	479	500
- Stelpur	213	185	202	230
- Strákar	305	234	277	270

Félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára				
Heildarþátttaka yfir árið	3122	3743	3987	4100
- Stelpur	1210	1612	1710	1800
- Strákar	1912	2141	2277	2300
- Þar af yfir sumarið	124	188	348	380
Félagsmiðstöðvar 13-16 ára				
Heimsóknir unglinga í félagsmiðstöðvar	27409	32557	35488	37000
- Stelpur	13108	15055	17420	18500
- Strákar	14301	17502	18068	18500
Þar af í sumaropnun	317	387	518	550
Annað starf fyrir börn, unglinga og ungmenni				
Börn á smíðavöllum/SSÚ	36	53	34	67

Stefnukort Ársels 2014



STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR 2014-2015

BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN

1. Sterk sjálfsmynd og félagsfærni

a. Sterk sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.

- i. Þátttaka í samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva um *Vinsamlegt samfélag*. Þriggja ára verkefni sem lýkur 2014. Niðurstaða á að liggja fyrir í lok árs 2014.
- ii. Halda áfram samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva um þekkingu og reynslu í lífsleikni, félagsfærni, samskiptum, hópefli og leikjum. Nýta þekkingarauðlindir eldri barna/unglinga til að koma inn á frístundaheimili. Hópaverkefni, hópefli í gegnum t.d. andlitsmálun, smíðjur, lestraklúbba, séð um böll s.s. Hrekkjavökuball, jólaball ofl.
- iii. Kynna og innleiða endurskoðaða starfsskrá frístundamiðstöðva í samráði við SFS. Litið er á sjálfsmynd, félagsfærni, umhyggju og virka þátttöku sem lykilfærni í félagsstarfinu.
- iv. Auka hlut hópastarfs í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum. Markmiðið er að styrkja sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.
Frístundaheimili: Opnun fyrir klúbb í 4. bekk í unglingastarfið amk einu sinni í mánuði.
Félagsmiðstöðvar: Dýpka hópastarfið og gera það öflugra. Fara eftir hópafæðinni, markmiðum þess og uppbyggingu. Miðla reynslu hvors annars og handleiða.

b. Jöfn tækifæri þar sem hugað er að velferð allra.

- i. Vinna að því að jafna aðgengi barna og unglunga að lista- og menningarviðburðum. Leitast eftir að fá aðgengi að strætókorti í barnastarfi og jafna aðgengi að menningarviðburðum í borginni.
- ii. Leita sérstækra leiða til að efla sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga sem glíma við félagslega einangrun og hafi frumkvæði að samstarfi fagaðila og félagasamtaka vegna þeirra.
- iii. Skoða þátttöku og líðan stráka og stelpna í starfi frístundamiðstöðva. Setja saman þjónustu og líðanakönnun frá frístundamiðstöðinni inn í skólanna.
- iv. Greina þarfir og móta stefnu vegna frístundastarfs fyrir 10-12 ára börn á vegum frístundamiðstöðvarinnar. Meiri samfellu milli barna og unglingastarfs. Samstarf, flæði og kynningar. Greina þarfir fyrir börn 10-12 ára og móta stefnu.
- v. Taka þátt í að móta stefnu um frítímaþjónustu fyrir börn og unglunga með annað móðurmál en íslensku, sem verði hluti af stefnu um börn og fjölmenningu. Gera hana aðgengilegri, koma upplýsingunum á framfæri og á einn stað. Fá aðgengi að Mentor og nýta í þessu tilliti.
- vi. Unnið verður að þarfagreiningu fyrir frístundastarf ungmenna yfir 16 ára aldri í samráði við ÍTR. Fá upplýsingar um stöðu mála og forma starfið eftir því. Móta stefnu til framtíðar í samstarfi við aðrar frístundamiðstöðvar í samræmi við forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.
- vii. Fá jafnréttisskóla Reykjavíkur til að halda vinnustofur og námskeið fyrir starfsstöðvar Ársels.
- viii. Rýnt verði í hugmyndir sem hafa gefist vel til að auka virkni, ábyrgð og þátttöku barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi. Skoða nýjar leiðir sem virka til að virkja börn og unglunga í að hafa áhrif í samfélaginu, ábyrgð á eigin lífi og þátttöku í lýðræðissamfélaginu.

- ix. Frístundaráðgjafar og annað starfsfólk í frístundastarfi hvetji börn og unglinga til að koma sér sjálf á milli staða í samstarfi við foreldra og efli þannig sjálfstæði þeirra og ábyrgð í daglegu lífi.
- x. Kannað verði hvernig börn og unglingar hafa nýtt sér frístundaakstur, strætó, annan akstur, hjóla- og gönguleiðir til að koma sér á milli staða sem þau þurfa að sækja yfir daginn.
- xi. Endurskoða „Strætóskólann“ og nýta í frístundaheimilum.

2. Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði

a. Heilbrigður lífsstíll

- i. Starfsfólki verði boðið upp á fræðslu um leiðir til að vinna gegn staðalímyndum og stuðla að gagnrýnni hugsun.
- ii. Starfshópur um heilsueflingu barna móti í samstarfi við ÍTR, tillögur um hvernig efla megi heilsu barna á grunnskólaaldri. Stuðla að auknu samstarfi starfseininga Ársels við íþróttafélögin til aukinnar útiveru og hreyfingar.
- iii. Halda áfram að vinna með verkefnið „Útinám og hreyfingu“. Halda heilsu og hreystiviku, auk þess auk að hjóla-, göngu- og sundferðir í starfinu.
- iv. Halda áfram skráningu á útiveru og gera gögnin aðgengileg á netinu.
- v. Í gátlistum vegna mats á frístundastarfi verði m.a. horft til hollustu og hreyfingar.

b. Öruggt umhverfi þar sem unnið er markvisst gegn áhættuhegðun..

- i. Kynna forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar fyrir öllu starfsfólki Ársels.
- ii. Vinna aðgerðaráætlun í forvörnum í samstarfi við aðrar stofnanir og aðila innan hverfanna.
- iii. Efla forvarnir gegn ofbeldi í samræmi við Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Kalla eftir upplýsingum til að fræða starfsfólk um stöðuna.
- iv. Þátttaka í starfshópi sem metur og gerir tillögur um þjónustu frístundamiðstöðvanna á heilsársgrundvelli.

c. Komið er til móts við ólík áhugasvið.

- i. Auka fjölbreytni listrænna viðburða sem byggja á þátttöku barna og ungmenna. Barnamenning allan ársins hring.
- ii. Nýta listaviðburði sem unglingar standa fyrir í barnastarfinu td. í tengslum við Skrekk, Samfés, góðgerðavikuna.
- iii. Bjóða upp á fjölbreytt úrval listsköpunar s.s. dans, leik, tónlist, tjáning ofl. Kynna þetta fyrir börnum/unglingum. Gefa börnum og unglíngum færi á að finna áhugasvið sitt og hverjir styrkleikar þeirra eru á sviði lista.
- iv. Ávallt sé stefnt að ráðningar inn á Ársels miði að því að hafa starfsfólk með fjölbreytt áhugasvið.

3. Víðtæk þekking, færni og árangur

a. Aukin gæði í öllu starfi í þeim tilgangi að efla þekkingu, færni og árangur.

- i. Þátttaka í gerð viðmiða um innra og ytra mat frístundamiðstöðva til að bæta frístundastarf. Ein starfsstöð verður þáttakandi til að byrja með en ætlast er til að allar starfsstöðvar taka þátt í samræmi við aðgerðaráætlun sviðsins. Kynna vel fyrir starfsfólki.

b. Læsi í viðum skilningi, gagnrýnin hugsun og samræða.

- i. Í frístundastarfi verði sérstaklega unnið með umhverfis-, fjölmiðla- og fjármálalæsi. Frístundaráðgjafar fái sérstaka fræðslu.
Frístundaheimili: Unnið sé með „Búðaleiki“. Útskýra kaup og sölu, verðvitund o.þ.h. Almennt sé unnið að því að börn og unglíngar séu meira upplýst um

fjárhagsstöðu sinnar félagsmiðstöðvar eða frístundaheimilisins með einföldum verkefnum.

- ii. Börn á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum verða hvött til að nýta sér bókasöfn og lesi í frístundum sínum.

Frístundaheimili: Bókasafnsferðir, sögustundir, fara í heimsókn á bókasöfn og kynningu á bókum. Nýta sögubílinn Æringjann. Gera aðgengi að bókum og rólegu umhverfi fyrir börn.

Félagsmiðstöðvar: Skapa rými til lesturs.

c. Færni í tölvu- og upplýsingatækni

- i. Yfirfæra þekknigu frá einni starfseiningu til annarra með tillit til tölvu- og upplýsingatækni.
- ii. Börnum og unglingum gefist kostur á að vinna að kvikmyndagerð, heimasíðugerð, hönnun og ljósmyndun í skóla- og frístundastarfi í samstarfi við myndver.
- iii. Auka aðgengi að tæki og tólum, samvinnu við skóla. Skoða möguleika á að koma upp tölvum eða tölvuveri í öllu starfi.

d. Tækifæri til að vinna að nýsköpun.

- i. Hvetja til að taka þátt í nýsköpunarkeppnum t.d. í Lego-keppninni, Stíl, Skrekk og Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Skólar og frístundamiðstöðvar styðji við þátttökuna með leiðbeinendum og aðstöðu.

Félagsmiðstöðvar: Halda hæfileikakeppni í samræmi við aðrar keppnir sem haldnar eru, s.s. á vegum grunnskólanna og Samfés.

Frístundaheimili: Halda hæfileikakeppni/sýning Ársels og bjóða upp á Nýsköpunarklúbb í barnastarfi.

e. Aukin þekking á listum og menningu og færni til sköpunar.

- i. Hvetja til þátttöku í menningarsamstarfi. Gera framboðið aðgengilegt. Auka þátttöku í Barnamenningarhátíð.
- ii. Bjóða börnum og unglingum í frístundastarfi upp á þátttöku í lista- og menningarstarfi, m.a. með því að nýta sérþekkingu starfsfólks á sviði lista.

f. Aukin umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni.

- i. Að starfsstöðvar Ársels innleiði græn skref og sjálfbærni.
- ii. Hvetja starfsstaði til þátttöku í umhverfisverkefnum, s.s. Lesið í skógin, að taka svæði í fóstur (grenndarsamningar) o.þ.h.
- iii. Starfsstöðvar Ársels vinni áfram með verkefnið „útivist og hreyfingu“. Dagskrá miði að aukinni útivist og hreyfingu og auka á fjölbreytni verkefna.

4. Samfélagsleg ábyrgð, virkni og víðsýni

a. Aukin þekking á grunngildum samfélagsins og mannréttindum.

- i. Aðild að námskeiði í jafnréttis- og kynjafræðum fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum og unglingum í samstarfi við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Fá fræðslu fyrir alla starfsmenn Ársels.
- ii. Vinna með Barnasáttmálann og mannréttindamál í frístundastarfi með það að markmiði að börn og unglingar verði meðvitaðri um rétt sinn og skyldur. Þessir þættir skili sér inn í innra og ytra mat á frístundastarfi.

b. Samfélagsleg ábyrgð og lýðræðisleg þátttaka.

- i. Þróa og endurskoða leiðir til að efla barna- og unglingalýðræði í frístundastarfinu. Endurskoða leiðir til að vinna með virkni, þátttöku og aðra þætti lýðræðis meðal barna og unglinga og almennt hjá íbúum hverfanna.
- ii. Skoða möguleika í lýðræðisvinnu með börn og unglinga þar sem vel hefur tekist til erlendis.

1. Nám og starf án aðgreiningar við hæfi hvers og eins

- a. **Koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum.**
 - i. Þátttaka í að móta stefnu um frítímaþjónustu fyrir fötluð börn og unglinga.
 - ii. Greina þjónustuþarfir barna og unglinga með alvarleg hegðunarfrávik í frístundastarfi.
 - iii. Stefnt sé á að koma á skilafundum á milli barna og unglingastarfs.
 - iv. Aukin samvinna og samráð milli stjórnenda frístundaheimila og félagsmiðstöðva.
- b. **Tryggja jafnræði allra einstaklinga til virkrar þátttöku í daglegu starfi.**
 - i. Kanna þátttöku og virkni fatlaðra unglinga í félagsmiðstöðvastarfi, greina þarfir þeirra og skoða hvernig bregðast skal við þörfinni. Gera greiningu út frá starfinu í Holtinu undanfarin misseri og gera aðgerðaráætlun í samráði við samstarfsaðila.
 - ii. Skoða hvernig bregðast skuli við stuðningi við börn og unglinga í félagsmiðstöðvastarfi. Vinna verklag fyrir öll aldursskeið.
 - iii. Skoða þátttöku og virkni barna sem þurfa stuðning í sumarstarfi á vegum frístundamiðstöðva.
- c. **Stuðningur og ráðgjöf tryggi góðar aðstæður til náms og leiks og bestan mögulegan árangur og líðan.**
 - i. Auka samvinnu starfsstöðva við þjónustumiðstöðvar, sérdeildir skóla, sérskóla og þekkingarstöðvar frístundamiðstöðva vegna sérfræðiþjónustu og ráðgjafar. Efla skimanir og stuðning á vettvangi.
 - ii. Að forstöðumenn í barnastarfi hafa sama aðgengi að upplýsingum um börn og félagsmiðstöðvarnar hafa í gegnum þverfagleg teymi.
 - iii. Auka á samstarf með tillit til þjónustu fyrir börn með sérþarfir.

2. Samstarf byggt á lýðræði og fjölbreytni

- a. **Öll börn, nemendur og ungmenni séu virkir þátttakendur í lýðræðislegu samstarfi.**
 - i. Þátttaka í að kortleggja leiðir innan sviðsins sem börn og unglingar hafa til áhrifa og samráðs, s.s. barnaráð, unglingaráð, ungmennaráð, hverfaráð, skólaráð og aðkomu þeirra að starfsáætlunarvinnu og ákvarðanatöku. Skoða nýjar og opnari leiðir en áður.
 - ii. Allar starfsstöðvar Ársels starfræki barna- og/eða unglingaráð. Skoða sérstaklega barnafundi í frístundaheimilum og miðstigið þ.e. í félagsmiðstöðvum. Einnig sé skoðaðar aðgengari leiðir til að hafa áhrif.
- b. **Foreldrar séu virkir þátttakendur, ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar.**
 - i. Kynna foreldravef sem ætlað er að miðla hagnýtum upplýsingum um skóla- og frístundastarf. Kynna fyrir starfsfólki jafnframt sem foreldrum.
 - ii. Foreldravefur verði nýttur til að fræða og upplýsa foreldra um forvarnir.
 - iii. Stuttar, rafrænar skoðanakannanir um skóla- og frístundastarf verði sendar á úrtak foreldra nokkrum sinnum á ári.
 - iv. Efla hæfni starfsfólks í foreldrasamstarfi, m.a. með símenntun.
 - v. Skoða kosti og galla þess að nýta samskiptamiðla í foreldrasamstarfi samhliða gerð leiðbeininga.
 - vi. Kanna leiðir til að foreldrar verði í auknum mæli þátttakendur í frístundastarfi. Td með opnum húsum, foreldrakynningar, foreldrasmiðjum og að stofna foreldrafélag í frístundaheimilum.

- c. Markviss, samræmd upplýsingamiðlun og fræðsla til foreldra og barna/nemenda/ungmenna.**
 - i. Heildarniðurstöðum um viðhorf og líðan nemenda verði miðlað til starfsstöðva Ársels.
 - ii. Aðgangur að Mentor verði til upplýsingagjafar um frístundastarf til foreldra.
 - iii. Markviss notkun frístundagáttar sem nú hefur verið samþykkt að starfseiningar Ársels noti til að miðla upplýsingum frá aðilum í hverfum til foreldra.
 - iv. Mat verði gert á miðlun frístundagáttar frá aðilum innan hverfis til foreldra.
- d. Öflugt samstarf við nærsamfélagið, atvinnulífið og háskólasamfélagið**
 - i. Starfsstaðir Ársels taki þátt í hverfasamstarfi í samvinnu við þjónustumiðstöð í hverfum t.d. með „atvinnu með stuðningi“ og fleiri sambærilegum verkefnum.
 - ii. Halda áfram að þróa samstarf við háskólasamfélagið sbr „hreyfing og útivist“ um þróun rannsókna í starfi frístundamiðstöðvarinnar.
 - iii. Auka samstarf í stefnumótun og áætlanagerð Ársels við starfsfólk, foreldra, börn og ungmenni, stjórnmalamenn og vísindasamfélagið.

3. Flæði á milli skólastiga, námsgreina/námssviða og skóla og frístundastarfs

- a. Starfsstaðir þróa aðferðir til að auka samstarf, sveigjanleika, flæði og samfellu í skóla- og frístundastarfi.**
 - i. Leita leiða til að efla upplýsingagjöf um málefni einstakra barna/unglinga og hópa milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.
Frístundaheimili hafi aðgang að upplýsingum um einstaklinga í gegnum nemendaverndaráðsfundi eða með öðrum sambærilegum hætti.
 - ii. Að veita þeim forstöðumönnum sem starfa í frístundaheimilum Dalskóla, Norðlingaskóla og Ártúnsskóla aðgang að samráðsteymi Ársels í barnastarfi. Nýta upplýsingar þessara starfsstöðva til að þróa starfið.
 - iii. Leita leiða til aukins samstarfs innan hverfa með samráði um gerð skóladagatala í samráði við frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Einnig að leita leiða við aðra aðili innan hverfis um sama hlut.
 - iv. Leitast eftir auknu samráði og samstarfi innan hverfis í gegnum ÞÁG.
- b. Auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við lok leikskólagöngu.**
 - i. Skoðaði möguleika á aðlögun fyrir börn á sjötta aldursári að skóla- og frístundastarfi að loknu sumarleyfi.
 - ii. Hvetja til heimsókna elstu barna í leikskólum á frístundaheimilin.

4. Umbætur, mat og nýbreytni

- a. Ytra mat fyrir starfsemi skóla- og frístundasviðs sem nýtt er til umbóta.**
 - i. Innleiða tillögur faghóps um ytra og innra mat í frístundastarfi.
 - ii. Styðja starfsstaði í að koma á innra mati.
 - iii. Hvetja stjórnendur til að auka aðkomu allra starfsmanna að mati og umbótastarfi.
- b. Stöðugt sé fylgst með stefnum og straumum um uppeldis-, mennta- og tómstundamál og áhersla lögð á þróun og nýbreytni.**
 - i. Kortleggja þátttöku starfsstaða í erlendum samstarfsverkefnum.
 - ii. Kynna endurskoðaða Starfsskrá skrifstofu tómstundamála.
 - iii. Kynna stefnu um framtíðarsýn og hlutverk frístundamiðstöðva.
 - iv. Kynna „námsgkrár“ fyrir frístundaheimili.
- c. Tilrauna-, þróunar- og umbótarstarf byggir á rannsóknum og árangurinn metinn.**
 - i. Kynna mat á tilraun um Dag barnsins, samþættan skóla- og frístundadag barna í Norðlingaskóla, Klébergsskóla, Ártúnsskóla, Dalskóla og Fellaskóla.
- d. Traust og fjölbreytt mat á námsárangri, líðan og félagsfærni.**
 - i. Þátttaka í kortlagningu við aðferðir sem notaðar eru til þess að skima fyrir félagslegri óvirkni og vanlíðan. Kynna niðurstöður.

- ii. Leitað verði leiða til að meta árangur frístundastarfsins á félagsfærni ungmenna.
- e. Ábyrg skjalastjórnun og stjórnsýsla, virkt gæðakerfi og innra mat.**
 - i. Kynna reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi.
 - ii. Kynna verklag um netfangahópa.
 - iii. Kynna verklag um móttöku og svörun innkominna erinda.
 - iv. Kynna uppfærð gæðakerfi og samræmdar gæðahandbækur vegna sameiningar sviða.
 - v. Koma ofangreindum kynningum í eina handbók eða vefrit sem hægt er að koma á starfsmenn við ráðningu.
 - vi. Kynna endurskoðaða og samræmda slysaskráningar í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.
 - vii. Þáttaka í undirbúningi á skjalavistunaráætlun fyrir starfsemi frístundar sem innleidd verður 2014. Kynna fyrir stjórnendum.

MANNAUÐUR

1. Fagleg forysta

- a. Framsækin stjórnun þar sem stefna hlutverk og markmið eru skýr.**
 - i. Kynna stefnu, hlutverk og markmið starfsstaða og skrifstofu Ársels. Alltaf sé kynnt á haustinn auk þess sem stjórnendum ber skylda til að halda stefnu, gildum og kjörorðum Ársels hvar sem þeir hafa tök á að tala um starfið.
 - ii. Samræma starfsmannastefnu Ársels á forsendum starfsmannastefnu SFS og Reykjavíkurborgar.
 - iii. Kynna aðferðir við handleiðslu fyrir stjórnendur.
 - iv. Kynna gæðaviðmið um stjórnun.
- b. Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur.**
 - i. Nýta viðhorfskannanir til að efla starf og árangur.
 - ii. Stjórnendur tileinki sér notkun innra og ytramats.
 - iii. Að þátttaka stjórnenda sé almenn í að skapa vettvang fyrir stjórnendur í frístundastarfi þar sem góðum aðferðum í stjórnun er miðlað milli stjórnenda.
- c. Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.**
 - i. Að allir stjórnendur Ársels taki þátt í að skapa jákvæða og skemmtilega menningu fyrir þá sjálfa og aðra starfsmenn.
 - ii. Að skapa aðstöðu sem sem styður við jákvæða og skemmtilega menningu stjórnenda.
 - iii. Að haldnir séu a.m.k. tveir starfsdagar allra starfsmanna Ársels,
 - iv. Að haldnir séu vikulegir fundir stjórnenda Ársels.
 - v. Að stjórnendateymi frístundamiðstöðvarinnar fari reglulega saman út á allar starfsstöðvar Ársels.
 - vi. Nýta innri vef SFS til að byggja upp sameiginlega menningu og vinna markvisst að kynningu á vefnum.
 - vii. Að stöðugt sé leitast eftir að nota aðferðir fyrir stjórnendur í að vera jákvæður leiðtogi.

2. Eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfis

- a. Samstarf á vinnustaðnum byggist á trausti, endurgjöf, virðingu og sveigjanleika.**
 - i. Auka mannauðsráðgjöf við eftirfylgni heildarmats.
 - ii. Aukin samvinna starfsstaða.
- b. Allir starfsmenn fara í starfsþróunarsamtal og það markvisst nýtt.**
 - i. Aðild að málþingi fyrir stjórnendur um framkvæmd og þróun starfsþróunarsamtala.
- c. Jafnræðis er gætt í launum og kjörum starfsmanna í sambærilegum stöfum.**

- i. Fylgja eftir tillögum starfshóps um að jafnræðis sé gætt í útteilingu hlunninda og símenntunar til starfsmanna.
- ii. Fylgja eftir ákörðun borgarráðs um að kynbundnum launamun sé eytt meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar.
- d. Ráðningaferli byggist á faglegum forsendum mannauðsstjórnunar.**
 - i. Kynna endurskoðar starfslýsingar og gefa út.
 - ii. Kynna og þróa leiðir við móttöku nýrra starfsmanna.
 - iii. Starfshópur skoði samfellu í ráðningum frístundamiðstöðva á ársgrundvelli og gerð sé aðgerðaráætlun til að tryggja betur heilsársstörf.
- e. Heilsueflandi og öruggt starfsumhverfi.**
 - i. Fylgja eftir öryggisáætlunum Reykjavíkurborgar.
 - ii. Marka stefnu til að draga úr fjarvistum vegna veikinda.
 - iii. Aðgerðir mótaðar vegna álags í starfi.

3. Hæft og áhugasamt starfsfólk með metnað til árangurs

- a. Allir starfsmenn taki þátt í símenntun við hæfi.**
 - i. Kynna símenntunarstefnu sviðsins fyrir stjórnendum og starfsmönnum.
 - ii. Meta fræðsluþörf með markvissum hætti sem námskeiðstilboð byggja á og kynna þau fyrir stjórnendum og starfsmönnum.
 - iii. Öllum starfsmönnum Ársels standi til boða símenntun og fái svigrúm til að þeir geti sótt sér hana.
- b. Starfsmenn geta beitt matsaðferðum og nýtt sér leiðir til umbóta.**
 - i. Allar starfsstöðvar Ársels verði í samstarfi við skrifstofu Ársels/fagskrifstofu um framkvæmd innra mats.

4. Lærdómssamfélag sem byggir á þverfaglegu samstarfi

- a. Markvisst samstarf og virkt þekkingarflæði er innan og á milli starfsstaða.**
 - i. Starfsfólk starfsstaða Ársels skiptist á þekkingu og reynslu, t.d. með sameiginlegum starfs- og fræðsludögum í hverfinu.
 - ii. Kynna starfsfólki grundvallar hugmyndafræði leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs til að auka gagnkvæman skilning, s.s. á starfsmanna- og stjórnendafundum.
 - iii. Stuðlað að þekkingarheimsóknum starfsfólks á milli starfsstaða Ársels og innan borgar. Halda áfram að halda forstöðumannafundi og starfsmannafundi á mismunandi starfsstöðum Ársels.
 - iv. Endurskoða og kynna „Auðlindabankann“ þar sem áhugasvið/þekking starfsmanna er skráð. Nýta til að færa þekkingu og sérhæfingu á milli starfsstaða.
 - v. Stuðla að auknu flæði starfsmanna milli starfsstöðva Ársels.

AUÐLINDIR

1. Hagkvæm nýting fjármagns

- a. Útgjöld allra stofnana séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á.**
 - i. Allir stjórnendur fái fjárhagsáætlun, sundurliðaða niður á mánuði, senda rafrænt.
 - ii. Auka eftirfylgni með mánaðaruppgjörum, t.d. með mánaðarlegum uppgjörfundum, mánaðarlegum frávikagreiningum eða öðrum leiðum og móta verkferil um viðbrögð við umframkeyrslu starfsstaða. Móta verklag um meðferð slíkra skýrslna í samráði við forstöðumenn.
 - iii. Auka á samstarf og samvinnu milli stjórnenda vegna áætlanagerðar og eftirfylgni.

- iv. Halda námskeið fyrir stjórnendur í forsendum fjárhagsáætlunar, frávikagreiningu og Agresso.
- a. **Stöðug rýning tækifæra til endurskipulagningar.**
 - i. Reglulega sé farið yfir fjárhagsáætlun. Setja verklag og kynna vel fyrir stjórnendum s.b.r. hér fyrir ofan.
- b. **Bæta fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf.**
 - i. Samræma ferli vegna Agresso.
 - ii. Yfirfara vinnulag um meðhöndlun peninga á starfsstöðum Ársels í samæmi við reglur sviðsins. Reynt sé að draga úr meðferð peninga og auka möguleika foreldra til rafrænna viðskipta í tengslum við starfsemina.
- c. **Samræma úthlutunarreglur.**
 - i. Að koma á starfshópi innan stjórnenda Ársels til að skoða úthlutun og koma með ábendingar um umbætur ef þörf þykir.
- d. **Raunkostnaður við þjónustubætti verði aðgengilegur.**
 - i. Útbúa staðlaðar skýrslur með fjárhagsáætlun og ársuppgjör sem setja má á heimasíður starfsstaða. Auka á samstarf um þróun skýrslna og skjala vegna fjárhags starfsstaða.

2. Skilvirk upplýsingatækni

- a. **Virk stefna í upplýsinga- og samskiptatækni.**
 - i. Allir starfsmenn tileinki sér samskiptaleiðir og kerfi sem unnið er með. Leitast eftir að á öllum stigum starfseminnar sé gagnvirkar upplýsingar.
 - ii. Haldið sé námskeið a.m.k. einu sinni á ári um notkun og meðferð helstu kerfa sem notað er á vegum Ársels.

3. Góður aðbúnaður

- a. **Aðstaða, tæki og búnaður sem hæfa fjölbreyttu starfi.**
 - i. Aðild að undirbúningi vegna áhættumats á ástandi dýrari búnaðar starfsstaða, s.s. ljósritunarvéla ofl.
 - ii. Gera úttekt á búnaði allra starfsstaða Ársels.
 - iii. Að allir starfsmenn hafi búnað og tæki sem hæfa starfseminni.
 - iv. Endurskoðun á húsnæðisskýrslu Ársels.
- b. **Aukin samnýting á húsnæði og búnaði.**
 - i. Starfsstaðir Ársels samnýti búnað og húsnæði eins og kostur er og á sem hagkvæmasta hátt í samvinnu við UTD og fasteignasvið.
 - ii. Að samræma viðhaldsáætlanir leiguhúsnæða við annað húsnæði Reykjavíkur, s.s. Holtið, Fókus og Stjórnuland.
 - iii. Kortleggja útistofur og aðstöðu í hverfum í samráði við viðkomandi skóla og þjónustumiðstöð hverfanna.